

Dalabyggð  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Míðbraut 11  
370 BÚÐARDAL

Reykjavík, 11. desember 2015  
Tilvísun: 2015120010/22.2  
Verknúmer: 1403003

### **Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu í Ólafsdal í Dalabyggð**

Orkustofnun hefur borist erindi Dalabyggðar, dags. 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um deiliskipulagstillögu í Ólafsdal í Dalabyggð.

Fram kemur í erindinu að gert sé ráð fyrir að könnun verði gerð á jarðhita í Ólafsdal með það í huga að nýta hann til hitunar á húsum. Í því sambandi bendir Orkustofnun á að samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 má samkvæmt 5. gr. laganna afla rannsóknarleyfis hjá Orkustofnun standi slíkt til, sé ekki um landeiganda sjálfan að ræða. Slíkt leyfi felur í sér heimild til þess að leita að jarðhita tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögunum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Þá er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar en landeiganda er þó heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa. Orkustofnun er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að leiðbeina og eftir atvikum veita Dalabyggð nánari upplýsingar málsmeðferð sína vegna fyrirhugaðar jarðhitaleitar óski sveitarfélagið þess.

Orkustofnun bendir á þann möguleika að virkja megi Lambadalsá í Ólafsdal, með náttúrlegri miðlun úr Lambadalsvatni. Slík virkjun, um 100 kW, að mati Orkustofnunar, gæti nýst til orkuöflunar fyrir Ólafsdal í þeirri endurreisn og verndun bygginga sem deiliskipulagið geir ráð fyrir. Auk þess mætti nýta umframorku út á dreifikerfið með samningi við viðkomandi dreifiveitu, komi til slíkrar virkjunar og standi vilji virkjunaraðila til slíks. Forsenda tengingar við dreifikerfið er *virkJunarleyfi* sem Orkustofnun gefur út með vísan til ákvæða raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar nr. 1040/2005 sem kveður m.a. á um, samkvæmt 7. mgr. 5. gr., að framkvæmdir á grundvelli virkjunarleyfis skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði.

Standi vilji Dalabyggðar til þess að nýtt sé sú fallorka sem býr í Lambadalsá eins og að ofan greinir, mætti eftir atvikum gera ráð fyrir umræddri smávirkJun í því deiliskipulagi sem hér um ræðir.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen

Kristinn Einarsson

